

SÍL 2 hs.

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	8
Skýringar	9
<i>Viðauki - fylgiskjöl ekki könnuð af endurskoðanda:</i>	
Útlistun á verðbréfum með föstum tekjum í eigu SÍL 2 hs. 2025	11
Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (EU Taxonomy)	12

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

SÍL 2 hs. er sérhæfður hlutdeildarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 45/2020 um sérhæfða sjóði. Sjóðurinn var stofnaður á árinu 2023 og er tilgangurinn að ávaxta þá fjármuni sem greiddir eru til sjóðsins gegn útgáfu skuldabréfa.

Ársreikningur sjóðsins SÍL 2 hs. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Rekstur sjóðsins er í höndum Stefnis hf. og vísum við í ársreikning Stefnis hf. varðandi frekari upplýsingagjöf stjórnar.

Hagnaður varð af rekstri sjóðsins á árinu sem nam 97 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Hrein eign sjóðsins í árslok 2025 nam 1.275 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Stefnis hf. staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík, 25. febrúar 2026

Í stjórn:

Jón Óttar Birgisson, stjórnarformaður
Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, stjórnarmaður
Krisín María Dýrfjörð, stjórnarmaður

Framkvæmdastjóri:

Jón Finnbogason

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda hlutdeildarskírteina í SÍL 2 hs.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SÍL 2 hs. fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2025, efnahag hans 31. desember 2025 og breytingu á hreinni eign á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð sjóðnum SÍL 2 hs. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar samanstanda af skýrslu stjórnar, útlistun á verðbréfum í eigu sjóðsins og upplýsingagjöf í samræmi við flokkunarreglugerð Evrópusambandsins.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við gefum ekkert form af staðfestingum eða ályktunum vegna þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi SÍL 2 hs. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda; frh.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunar- og áhættunefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunar- og áhættunefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Kópavogur, 25. febrúar 2026

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson
Endurskoðandi

Ársreikningur SÍL 2 hs. fyrir árið 2025 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda

Rekstrarreikningur 2025

		2025	2024
	Skýr.		
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	2-5		
Vaxtatekjur og verðbætur		806.275	859.894
Vaxtagjöld og verðbætur		(783.772)	(837.711)
Virðisbreyting verðbréfa		11.838	9.179
Fjármagnstekjur og (fjármagnsgjöld) samtals		<u>34.341</u>	<u>31.362</u>
Rekstrargjöld			
Umsýsluþóknun rekstraraðila	6	27.016	28.411
Annar rekstrarkostnaður		3.623	2.848
Niðurfærsla verðbréfa með föstum tekjum	7	3.605	0
Rekstrargjöld samtals		<u>34.244</u>	<u>31.259</u>
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		<u>97</u>	<u>103</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

		31.12.2025	31.12.2024
	Skýr.		
Eignir			
Fjárfestingar:			
Verðbréf með föstum tekjum	7	5.635.460	7.023.151
Verðbréf með breytilegum tekjum	8	623.028	31
Fjárfestingar samtals		6.258.488	7.023.182
Aðrar eignir:			
Handbært fé	9	13.651	41.978
Aðrar eignir	10	5.021	0
Aðrar eignir samtals		18.672	41.978
Eignir samtals		6.277.160	7.065.160
Skuldir			
Útgefin skuldabréf	13	6.268.229	7.016.722
Skuldir við tengd félög		5.678	7.484
Aðrar skuldir	11	1.978	39.775
Skuldir samtals		6.275.885	7.063.981
Hrein eign í árslok		1.275	1.178
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina (í þús.)		1.000	1.000
Gengi hlutdeildarskírteina í árslok		1,28	1,18

Yfirlit um breytingu á hreinni eign ársins 2025

	2025	2024
Skýr.		
Hrein eign í byrjun árs	1.178	1.075
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini	97	103
Hlutdeildarskírteini í árslok	1.275	1.178

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Starfsemi

Markmið sjóðsins er að ávaxta þá fjármuni, sem greiddir eru inn í sjóðinn í staðinn fyrir útgefin hlutdeildarskírteini með því að gefa út skuldabréf og aðra fjármálagerninga. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðslufæði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og lánasamninga sem hann hefur fjárfest í.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur SÍL 2 hs. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikninga þurfa stjórnendur í samræmi við lög um ársreikninga að meta og taka ákvarðanir um mikilvæga liði ársreikningsins, sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Við matið er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við neysluverðsvísitölu sem tók gildi í byrjun janúar 2025. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning viðkomandi sjóðs.

5. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti.

6. Umsýslupóknun

Sjóðurinn greiðir Stefni hf. umsýslupóknun sem reiknast sem fast hlutfall á ári af heildarstærð sjóðsins. Til loka fjárfestingartímabils sjóðsins þann 24. september 2025 nam þóknunin 0,4% en frá þeim tíma 0,35% á ári af heildareignum sjóðsins. Þóknun vörsluaðila fyrir umsjón og vörslu fjármálagerninga sjóðsins er innifalin í þóknun rekstraraðila.

Við er til skýringar 12 í ársreikningi Stefnis hf., þar sem gerð er grein fyrir öllum launum og launatengdum gjöldum starfsmanna Stefnis, bæði föstum og breytilegum ásamt fjölda starfsmanna.

Hægt er að nálgast ársreikning Stefnis á vefnum www.stefnir.is.

7. Verðbréf með föstum tekjum

Eignir sjóðsins eru að meirihluta óverðtryggðar m.v. árslok 2025. Nánari útlistun á þeim kemur fram í óendurskoðuðum viðauka aftan við skýringar árshlutareikningsins.

Við reglubundið mat á eignum sjóðsins í árslok 2025 var talin ástæða til að færa sértæka virðisrýrnun að fjárhæð 3.605 þús. Niðurfærslan er færð meðal rekstrargjalda í rekstrarreikningi.

8. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum í eigu sjóðsins eru hlutdeildarskírteini sjóða. Hlutdeildarskírteini eru metin á markaðsverði í lok ársins.

9. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

10. Aðrar eignir

Til annarra eigna teljast óframkomin og óuppgerð viðskipti. Auk þess færast frávik á mati eigna til lækkunar við gengisútreikning til annarra eigna.

Skýringar, frh.:

11. Aðrar skuldir

Til annarra skammtímaskulda telst úppgerður fjármagnstekjuskattur og óframkomin og úppgerð viðskipti. Auk þess færast frávík á mati eigna til hækkunar við gengisútreikning til annarra kulda.

	31.12.2025	31.12.2024
Uppsöfnuð ávöxtun í eigu skuldabréfaeigenda	0	37.805
Aðrar skuldir	1.978	1.970
	1.978	39.775

12. Skattamál

Sérhæfðir sjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum teljast til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

13. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn gefur út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins að viðbættum áföllnum og ógreiddum vöxtum.

Greiðslufæði skuldabréfsins er óreglulegt. Skuldabréfin eru óverðtryggð með fljótandi vöxtum sem breytast á þriggja mánaða fresti. Vextir og afborganir taka mið af greiðslum undirliggjandi eigna að teknu tilliti til kostnaðar og endurfjárfestinga í samræmi við reglur skuldabréfsins. Afborganir geta því verið engar á gjalddögum skuldabréfsins ef greiðslufæðið er nýtt til endurfjárfestinga.

Greiðslur af skuldabréfi í árslok 2025:

	Virði
Til greiðslu 2026	18.229
Til greiðslu 2027	0
Til greiðslu 2028	0
Til greiðslu 2029	6.250.000
	6.268.229

Nafn- og raunávöxtun skuldabréfsins SIL 23 1 greinist þannig:

	2025	2024	2023	2022
Nafnávöxtun (1)	11,83%	12,38%	9,02%	-
Raunávöxtun (1)	7,82%	7,23%	3,54%	-

14. Hlutdeildarskírteini - bókfært virði og gengi

Bókfært virði hlutdeildarskírteina og kaupgengi hlutdeildarskírteina greinist þannig:

	31.12.2025	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2022
Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina	1.275	1.178	1.075	-
Kaupgengi hlutdeildarskírteina	1,28	1,18	1,08	-

15. Hlutdeildarskírteini - ávöxtun

Nafn- og raunávöxtun greinist þannig:

	2025	2024	2023	2022
Nafnávöxtun (1)	8,19%	9,56%	7,54%	-
Raunávöxtun (1)	4,33%	4,57%	(0,43%)	-

1) Sjóðurinn var stofnaður í janúar 2023

Útlistun á verðbréfum með föstum tekjum í eigu SÍL 2 hs. 31.12 2025

Lán-taki	Tegund veðs	Tekjur	Eignir	Fjárhæð	Loka-gjaldddagi	Óverðtryggt/verðtryggt	Tegund afborgana	Fjöldi gjald-daga pr.ár	Framleng-ingar-heimild	Útgáfu-dagur
1	Fasteignir	Undir 100	0 - 500	86	01.03.2048	Óverðtryggt	Jafnar greiðslur	12		24.03.2023
2	Fasteignir	500 - 1.000	1.000 - 2.500	171	01.06.2029	Verðtryggt	Jafnar greiðslur	12		05.06.2024
3	Fasteignir	500 - 1.000	500 - 1.000	149	01.10.2039	Verðtryggt	Jafnar afborganir	12		18.02.2022
4	Fasteignir	Undir 100	1.000 - 2.500	195	01.03.2030	Verðtryggt	Jafnar greiðslur	12		12.03.2025
5	Fasteignir	500 - 1.000	1.000 - 2.500	131	01.02.2047	Óverðtryggt	Jafnar afborganir	12		08.02.2022
6	Fasteignir	100 - 500	5.000 - 7.500	395	01.06.2028	Verðtryggt	Jafnar greiðslur	12		06.06.2023
7	Fasteignir	Undir 100	500 - 1.000	139	01.01.2047	Óverðtryggt	Jafnar afborganir	12		21.12.2021
8	Fasteignir	Undir 100	0 - 500	65	01.09.2044	Verðtryggt	Óreglulegar	12		01.10.2024
8	Fasteignir	Undir 100	0 - 500	10	01.09.2044	Verðtryggt	Óreglulegar	12		01.10.2024
9	Fasteignir	Undir 100	0 - 500	153	01.05.2043	Verðtryggt	Jafnar afborganir	12		12.05.2023
10	Fasteignir	Undir 100	0 - 500	88	01.05.2043	Verðtryggt	Jafnar afborganir	12		12.05.2023
11	Fasteignir	100 - 500	500 - 1.000	452	01.04.2027	Óverðtryggt	Vaxtagreiðslubréf	12		24.03.2023
12	Fasteignir	500 - 1.000	7.500 - 10.000	179	01.06.2028	Verðtryggt	Jafnar afborganir	12		09.05.2023
13	Fasteignir	Undir 100	0 - 500	202	03.04.2028	Óverðtryggt	Jafnar greiðslur	12		29.03.2023
14	Fasteignir	100 - 500	500 - 1.000	91	10.03.2049	Verðtryggt	Jafnar afborganir	12		22.02.2024
15	Fasteignir	Undir 100	0 - 500	99	01.12.2048	Verðtryggt	Jafnar afborganir	12		17.07.2023
16	Fasteignir	5.000 - 7.500	2.500 - 5.000	165	03.07.2028	Óverðtryggt	Jafnar greiðslur	12		19.06.2024
16	Sjóðstr./Veltufjárm.	5.000 - 7.500	2.500 - 5.000	49	03.07.2028	Óverðtryggt	Jafnar greiðslur	12		19.06.2024
17	Sjóðstr./Veltufjárm.	5.000 - 7.500	2.500 - 5.000	199	04.08.2026	Óverðtryggt	Jafnar afborganir	12	1*12 mán	27.06.2022
18	Sjóðstr./Veltufjárm.	0 - einungis fj.tekjur	2.500 - 5.000	117	02.05.2028	Óverðtryggt	Eingreiðslubréf	1		02.09.2022
19	Sjóðstr./Veltufjárm.	7.500 - 10.000	1.000 - 2.500	100	02.05.2028	Óverðtryggt	Jafnar afborganir	12		28.04.2025
20	Lóðafjármögnun	100 - 500	10.000 - 15.000	717	01.07.2026	Óverðtryggt	Eingreiðslubréf	1	3*12 mán	17.02.2022
21	Framkvæmdir	1.000 - 2.500	1.000 - 2.500	89	01.03.2026	Óverðtryggt	Eingreiðslubréf	1	1*12 mán	07.03.2024
22	Framkvæmdir	Nýtt félag	Nýtt félag	164	17.12.2027	Óverðtryggt	Eingreiðslubréf	NA	1*12 mán	18.12.2024
22	Framkvæmdir	Nýtt félag	Nýtt félag	122	15.11.2027	Óverðtryggt	Eingreiðslubréf	NA		07.11.2024
23	Lóðafjármögnun	0 - í framkvæmdum	7.500 - 10.000	484	22.08.2026	Óverðtryggt	Eingreiðslubréf	1		04.07.2023
24	Skráð hlbr	0 - einungis fj.tekjur	15.000 - 25.000	286	01.12.2026	Óverðtryggt	Vaxtagreiðslubréf	1		30.11.2023
25	Skráð hlbr	0 - einungis fj.tekjur	500 - 1.000	128	16.12.2026	Óverðtryggt	Eingreiðslubréf	1		15.12.2023
26	Skráð hlbr	0 - einungis fj.tekjur	1.000 - 2.500	236	16.12.2026	Óverðtryggt	Eingreiðslubréf	1		15.12.2023

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (EU Taxonomy)

Á árinu 2023 tók gildi sjálfbærnilöggjöf hér á landi sem gerir SÍL 2 hs., skylt að birta upplýsingar í tengslum við flokkunarkerfi Evrópusambandsins (EU Taxonomy). Upplýsingar í samræmi við flokkunarreglugerðina eru birtar í annað sinn í viðauka við ársreikning 2025.

Þann 1. júní 2023 tóku gildi lög nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Lögin innleiddu í íslenskan rétt tvær reglugerðir Evrópusambandsins (ESB). Þar er um að ræða annars vegar reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR) og hins vegar reglugerð (ESB) 2020/852 um að koma á ramma til að greiða fyrri sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (flokkunarreglugerð ESB eða flokkunarreglugerðin).

Með flokkunarreglugerð ESB, sem tók fyrst að hluta gildi í ríkjum ESB þann 12. júlí 2020 en tók gildi að öllu leyti þann 1. janúar 2023, er í einföldu máli komið á fót samræmdu evrópsku flokkunarkerfi með skilgreiningum á því hvað teljist umhverfislega sjálfbær atvinnustarfsemi.

Flokkunarreglugerðin hefur meðal annars það að markmiði að endurskipuleggja fjármagnsstreymi í átt að sjálfbærri fjárfestingu, að auka gagnsæi og samræmi í upplýsingagjöf fyrirtækja í tengslum við hvaða atvinnustarfsemi getur talist umhverfislega sjálfbær og að sporna við svokölluðum grænpvotti sem felst í því að fyrirtæki skilgreini og markaðssetji starfsemi sem sjálfbæra án þess að fullnægjandi forsendur liggi því til grundvallar.

Hæf starfsemi og umhverfislega sjálfbær

Atvinnustarfsemi er sögð vera hæf (e. eligible) ef hún er skilgreind í framseldum reglugerðum ESB, settum á grundvelli flokkunarreglugerðarinnar, um þau tæknilegu matsviðmið sem atvinnustarfsemi þarf að uppfylla til að teljast umhverfislega sjálfbær samkvæmt flokkunarkerfinu. Ef flokkunarkerfið nær yfir atvinnustarfsemi telst hún vera hæf. Hæfni gefur þó ekki til kynna hvort tiltekin starfsemi sé sjálfbær heldur einungis að til eru tæknileg matsviðmið fyrir starfseminni til að hægt sé að greina hana í samræmi við flokkunarkerfið.

Flokkunarreglugerðin setur fram sex umhverfismarkmið:

- Mildun loftslagsbreytinga
- Aðlögun að loftslagsbreytingum
- Sjálfbær notkun og verndun vatns og auðlinda sjávara
- Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi
- Mengunarvarnir- og eftirlit
- Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa

Fyrsta framselda reglugerð ESB, nr. 2021/2139 (framselda loftslagsreglugerðin) beinist að umhverfismarkmiðunum mildun loftslagsbreytinga og aðlögun að loftslagsbreytingum. Sú atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær nú yfir er starfsemi sem er mikilvæg til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og bæta viðnámsþol vegna þeirra. Þannig er t.d. framleiðsla, byggingar, orka og flutningar hæf starfsemi samkvæmt reglugerðinni. Með tímanum mun flokkunarkerfið ná yfir fleiri atvinnustarfsemi og hin fjögur umhverfismarkmiðin. Framseld reglugerð (ESB) 2023/2486 um þessi hin fjögur umhverfismarkmið tók gildi innan ESB í desember og bíður innleiðingar hér á landi.

Til þess að atvinnustarfsemi geti talist vera umhverfislega sjálfbær (e. aligned) verður hún að falla undir eitt af sex umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar, en má á sama tíma ekki skaða önnur markmið hennar. Þetta er til þess að komast hjá því að atvinnustarfsemi geti talist umhverfislega sjálfbær ef hún veldur síðan umhverfinu svo miklum skaða að það vegur þyngra en framlag starfseminnar til umhverfismarkmiðs. Að auki þarf starfsemin að vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir (e. minimum safeguards) sem snúa m.a. að mannréttindum og uppfylla tæknilegu matsviðmiðin (e. technical screening criteria).

Upplýsingar SÍL 2 hs. í tengslum við flokkunarkerfið eru birtar á grundvelli þeirrar skyldu að aðilum sem ber skylda að skila upplýsingum skv. 66. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 þar sem SÍL 2 hs. telst eining tengd almannahagsmunum í ljósi útgáfu skuldabréfa sjóðsins.

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (EU Taxonomy)

IV. Viðauki flokkunarreglugerðar ESB

Vegið meðalgildi allra fjárfestinga sem beint er að fjármögnun eða eru í tengslum við atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu. Miðað er við virði heildareigna sem falla undir lykilárangursmælikvarðann. Vægi fyrir fjárfestingar í fyrirtækjum er sem hér segir: Á grundvelli veltu: 0% Á grundvelli fjárfestingargjalda: 0, %	Vegið meðalgildi allra fjárfestinga sem beint er að fjármögnun eða eru í tengslum við atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu. Vægi fyrir fjárfestingar í fyrirtækjum er sem hér segir: Á grundvelli veltu: 0 ISK Á grundvelli fjárfestingargjalda: 0 ISK
Hlutfall eigna sem falla undir lykilárangurmælikvarðann miðað við heildareignir í stýringu (AuM), að undanskildum fjárfestingum í opinberum stofnunum. Þekjuhlutfall: 100%	Fjárhagslegt virði eigna sem falla undir lykilárangursmælikvarðann, að undanskildum fjárfestingum í opinberum stofnunum. Þekja: 6.275 mISK
Viðbótarupplýsingar til fyllingar: Sundurliðurn nefnara lykilárangursmælikvarðans	
Hlutfall afleiða miðað við heildareignir sem falla undir lykilárangursmælikvarðann. 0%	Fjárhagslegt virði afleiða: 0 ISK
Hlutfall áhættuskuldbindinga til fyrirtækja á fjármálamarkaði og annarra fyrirtækja innan Evrópusambandsins, sem falla ekki undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, af heildareignum sem falla undir lykilárangursmælikvarðann: Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði: 0% Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði: 0%	Virði áhættuskuldbindinga til fyrirtækja á fjármálamarkaði og annarra fyrirtækja innan Evrópusambandsins, sem falla ekki undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB: Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði: 0 Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði: 0
Hlutfall áhættuskuldbindinga til fyrirtækja á fjármálamarkaði og annarra fyrirtækja utan Evrópusambandsins, sem falla ekki undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, af heildareignum sem falla undir lykilárangursmælikvarðann: Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði: 96,8% Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði: 0%	Virði áhættuskuldbindinga til fyrirtækja á fjármálamarkaði og annarra fyrirtækja utan Evrópuambandsins sem falla ekki undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB: Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði: 6.075 mISK Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði: 0 ISK
Hlutfall áhættuskuldbindinga til fyrirtækja á fjármálamarkaði og annarra fyrirtækja, sem falla undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, af heildareignum sem falla undir lykilárangursmælikvarðann: Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði: 3,2% Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði: 0%	Virði áhættuskuldbindinga til fyrirtækja á fjármálamarkaði og annarra fyrirtækja sem falla undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB: Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði: 199 mISK Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði: 0 ISK

Hlutfall áhættuskuldbindinga til annarra mótaðila af heildareignum sem falla undir lykilárangursmælikvarðann: 0%	Virði áhættuskuldbindinga til annarra mótaðila: 0
Virði allra fjárfestinga sem fjármagna atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir miðað við virði heildareigna sem falla undir lykilárangursmælikvarðann: 100%	Virði allra fjárfestinga sem fjármagna atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir: 6.275 mISK
Virði allra fjárfestinga sem fjármagna atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir, en falla ekki að flokkunarkerfinu miðað við virði heildareigna , sem falla undir lykilárangursmælikvarðann: 0%	Virði allra fjárfestinga sem fjármagna atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir, en falla ekki að flokkunarkerfinu : 0
Viðbótarupplýsingar til fyllingar: Sundurliðun teljara lykilárangursmælikvarðans	
Hlutfall áhættuskuldbindinga, sem falla að flokkunarkerfinu, vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði og annarra fyrirtækja, sem falla undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, af heildareignum sem falla undir lykilárangursmælikvarðann: Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði: Á grundvelli veltu: 0% Á grundvelli fjárfestingargjalda: 0% Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði: Á grundvelli veltu: 0% Á grundvelli fjárfestingargjalda: 0%	Virði áhættuskuldbindinga, sem falla að flokkunarkerfinu, vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði og annarra fyrirtækja, sem falla undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB: Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði: Á grundvelli veltu: 0 ISK Á grundvelli fjárfestingargjalda: 0 ISK Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði: Á grundvelli veltu: 0 Á grundvelli fjárfestingargjalda: 0
Hlutfall áhættuskuldbindinga, sem falla að flokkunarkerfinu, vegna annarra mótaðila, af heildareignum sem falla undir lykilárangursmælikvarðann: Á grundvelli veltu: 0 Á grundvelli fjárfestingargjalda: 0	Virði áhættuskuldbindinga, sem falla að flokkunarkerfinu, vegna annarra mótaðila: Á grundvelli veltu: 0 Á grundvelli fjárfestingargjalda: 0

Sundurliðun teljara lykilárangursmælikvarðans eftir umhverfismarkmiðum		
Starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu –:		
1) Mótvægi við loftslagsbreytingar	Velta: 0% fjárfestingargjöld: 0%	Umbreytingarstarfsemi: N/A (Velta, fjárfestingargjöld) Starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum: N/A (Velta, fjárfestingargjöld)
2) Aðlögun að loftslagsbreytingum	Velta: 0% fjárfestingargjöld: 0%	Umbreytingarstarfsemi: N/A (Velta, fjárfestingargjöld) Starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum: N/A (Velta, fjárfestingargjöld)
3) Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda	Velta: 0% fjárfestingargjöld: 0%	Umbreytingarstarfsemi: N/A (Velta, fjárfestingargjöld) Starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum: N/A (Velta, fjárfestingargjöld)
4) Umbreyting yfir í hringrásarhagkerfi	Velta: 0% fjárfestingargjöld: N/A	Umbreytingarstarfsemi: N/A (Velta, fjárfestingargjöld) Starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum: N/A (Velta, fjárfestingargjöld)
5) Mengunarvarnir og -eftirlit	Velta: 0% fjárfestingargjöld: 0%	Umbreytingarstarfsemi: N/A (Velta, fjárfestingargjöld) Starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum: N/A (Velta, fjárfestingargjöld)
6) Verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa	Velta: 0% fjárfestingargjöld: 0%	Umbreytingarstarfsemi: N/A (Velta, fjárfestingargjöld) Starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum: N/A (Velta, fjárfestingargjöld)